

Lánssími

1. Á meðan símtæki er í skoðun eða viðgerð hjá viðgerðaraðila geta viðskiptavinir Símans fengið afhentan lánssíma, ásamt meðfylgjandi aukahlutum. Slíkt stendur ekki til boða í þeim tilvikum sem viðskiptavinur hefur sjálfur leitað til viðgerðaraðila, án aðkomu Símans.
2. Viðskiptavinur skal staðfesta með skriflegum eða rafrænum hætti (að undangenginni viðeigandi auðkenningu) að hann hafi kynnt sér neðangreinda skilmála áður en hann veitir lánssíma viðtöku.
3. Lánssíminn er í eigu seljanda, Símans hf. Viðskiptavinur ber að skila tækinu í sama ástandi og það var við afhendingu. Skal lánssíma skila til seljanda, ásamt meðfylgjandi aukahlutum, þegar símtæki viðskiptavinar er afhent úr viðgerð.
4. Lánssímar eru útbúnir sérstökum hugbúnaði sem gerir Símanum kleift að stýra hugbúnaði lánssímans með afmörkuðum hætti, n.t.t. gera símann óvirkan og takmarkað möguleika á niðurrhali á öðrum hugbúnaði. Tilgangur hugbúnaðarins er að koma í veg fyrir að notendur geti hlaðið niður öðrum hugbúnaði í símtækið í þágu eignavörslu og gera Símanum kleift að gera símtæki óvirkt þegar þess er þörf í þágu eignarvörslu þegar símtæki er ekki skilað á tilsettum tíma. Slík vinnsla fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna Símans.
5. Notkun viðskiptavinar á lánssíma á meðan viðgerð stendur skal vera endurgjaldslaus. Hafi lánssíma hins vegar ekki verið skilað 5 virkum dögum eftir að búið er að láta vita um að viðgerð sé lokið áskilur Síminn sér rétt til að gjaldfæra viðskiptavin fyrir töf á skilum í samræmi við verðskrá.
6. Sé lánssíma ekki skilað tilbaka áskilur Síminn sér rétt til að afhenda ekki símtæki viðskiptavinar úr viðgerð, nema viðskiptavinur greiði andvirði þess sem munar á milli samkvæmt verðmati Símans.
7. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á lánssímanum og meðfylgjandi aukahlutum þar til honum er skilað til Símans. Reynist lánssíminn eða aukahlutir skemmdir vegna meðhöndlunar á lánstímanum ber viðskiptavini að greiða Símanum tilfallandi kostnað vegna viðgerðar á lánssímanum og/eða aukahlutum.
8. Viðskiptavini er óheimilt að selja, leigja eða lána lánssímann til þriðja aðila án samþykkis Símans.

útg. 2.0 – útg. 1. október 2019